



Aðalfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn 15. maí 2013 kl. 16:00.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Valgarður Hilmarsson, Hörður Ríkharðsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Elín Sigurðardóttir, Guðmundur Ólafsson auk framkvæmdastjóra Katharinu Schneider.

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Afgreiðsla reikninga
- 3) Kosning endurskoðenda
- 4) Þóknun til stjórnarmanna
- 5) Tillögur um breytingar á samþykktum
- 6) Skipun stjórnar
- 7) Rekstrar- og starfsáætlun yfirstandandi árs/skýrsla framkvæmdastjóra
- 8) Önnur mál

Eftir að Valgarður hafði verið skipaður fundarstjóri og Hörður ritari var gengið til dagskrár.

1. Arnar Þór formaður stjórnar fór yfir tilurð og sögu Þekkingarsetursins, stofnaðila, helstu markmið og starfsemi á fyrsta árinu sem fólst í ráðningu starfsmanna og að ýta verkefnum úr vör.
2. Arnar gerði grein fyrir reikningum en staðan er mjög góð þar sem framlög fengust fyrir heilu ári en starfsemin fór í gang um mitt ár. Spurt var um fáein atriði í reikningum sem framkvæmdastjóri útskýrði og voru fundarmenn sáttir við þær skýringar og voru reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.
3. Lögð var fram tillaga um að Þorsteinn Þorsteinsson starfsmaður KPMG annaðist endurskoðun reikninga og var sú tillaga samþykkt.
4. Fram kom tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu 10.000 kr. fyrir fund og 15.000 kr. fyrir formann og var hún samþykkt.
5. Arnar Þór lagði fram tillögu að breytingum á samþykktum sem fela í sér að í stað þeirrar stjórnar sem verið hefur verður myndað fulltrúaráð sem síðan kys þriggja manna stjórn. Tillagan

hefur verið til umfjöllunar hjá stofnaðilum og er fulltrúum kunn. Nokkuð var rætt um skipan þriggja manna stjórnarinnar og ýmis sjónarmið reifuð m.a. varðandi búsetu ofl. Elín nefndi möguleikann á að Textílsetrið rynni smán við Þekkingarsetrið eða Heimilisiðnaðarsafnið. Borið var upp og samþykkt ákvæði til bráðabirgða um að kosning sú sem nú færi fram til fulltrúaráðsins og síðar stjórnar væri til eins árs en breyting samþykkt gerir ráð fyrir tveggja ára tímabilum sem miðast við sveitarstjórnarkosningar en þær eru að ári sem kunnugt er. Var samþykkt að kjósa fulltrúaráð og stjórn til eins árs en næsta ár verður þá kosið til tveggja ára.

6. Var þá gengið til kjörs í fulltrúaráð en tillaga kom fram um Arnar, Elínu, Erlu, Hörð, Jóhönnu, Valgarð og Þóru og var hún samþykkt. Þá var einnig skotið á skyndifundi í fulltrúaráði og kaus það Arnar, Valgarð og Þóru í þriggja manna stjórn.

7. Framkvæmdastjóri fór yfir skýrslu sína um starfsemina 2012 og starfið og starfsáætlun vegna 2013. Skýrslur þessar og áætlanir má kynna sér á síðu Þekkingarsetursins á alnetinu <http://www.tsb.is/>, Fundarmenn lýstu ánægju sinni með málflutning framkvæmdastjóra og telur fundurinn að starfsemin hafi farið vel af stað og þökkuðu starfsmönnum vel unnin störf. Spunnust umræður um fjárveitingar, styrki, verkefni og rannsóknir og samstarf á sviði textíls. Spurt var um fjarnám og námsver en fram kom að vegna óvissu um framtíðarnýtingu húsnæðis hafa orðið tafir á því verkefni. Þarfagreining á sviði háskólamenntunar er í vinnslu en frekari verkefni á því sviði eru að fara af stað m.a. á vegum Háskólans á Bifröst og verður fylgst með því og hvatt til samstarfs.

8. Þar sem umræður höfðu þegar orðið verulegar um ýmis mál voru viskubrunnar fundarmanna þurrausnir þegar þarna var komið sögu og því var fátt um mál undir þessum lið og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Hörður Ríkharðsson.